

Nd.

819. Ágreiningsátt

um frv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum (þgskj. 669).

Frá minni hluta.

Eg varð einn þeirra manna, sem í nefndina voru skipaðir, á því máli, að í hallæri ætti efnaðri mennirnir að hjálpa þeim fátækari. Eg mun þó eigi af þeirri skoðun láta, og aldrei mun eg samþykkja þau hjálparlátalæti, sem fram hafa komið frá ýmsum hliðum, að taka bitann úr munni eins fátæklinga og stinga honum upp í annan jafnfátækan.

Að öðru leyti mun eg gera grein fyrir máli þessu í framsögu. Eg ræð háttv. deild til þess að samþykkja frv., með þeim breytingum, sem minni hluti nefndarinnar ber fram á þingskj. 820, er koma í staðinn fyrir breytingartill. mínar á þgskj. 702.

Alþingi 7. september 1915.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.